



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað um viðauka 4 við fjárhagsáætlun 2022

Dags: 13. júní 2022

Málsnúmer: 202105196/2.5

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Mosfellsbær er aðili að þremur byggðasamlögum og ber ótakmarkaða ábyrgð í samræmi við íbúafjölda eins og hann er skilgreindur í samþykktum hvers byggðasamlag. Lengi hefur staðið til að rekstur og efnahagur byggðasamlaga væri sýnilegur í ársreikningi og fjárhagsáætlun aðildarsveitarfélaga. Það var þó ekki fyrir en nýlega að gefin var úr reglugerð þar að lútandi.

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta. Leitað var aðstoðar KPMG við útfærslu þessara breytinga í fjárhagsáætlun 2022.

Í meðfylgjandi viðauka er búið að færa inn hlutdeild Mosfellsbæjar í áætlunum

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs (5,41%)

Sorpu bs (5,41%)

Strætó bs (5,32%)

í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2022. Breyting vegna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs kemur fram í A hluta en hin félögin hafa áhrif á B hluta.

Helstu áhrif breytinganna á A og B hluta samstæðu fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða eykst um 9,5 m.kr.

Eignir aukast um 845 m.kr.

Skuldir og eigið fé aukast um 845 m.kr. en þar af eykst eigið fé um 442 m.kr.

Veltufé frá rekstri eykst um 57 m.kr.

Fjárfestingar aukast um 104 m.kr.

Skuldaviðmið fer úr 100,2% í 99,9%.

Jafnframt hækka skammtímaskuldir og handbært fé um 20 m.kr.

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 4 um byggðasamlög sbr. reglugerð nr. 230/2021.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir samantekin áhrif breytinga vegna viðauka 1-4 á rekstur, efnahag, sjóðstreymi og fjárfestingayfirlit. Jafnframt fylgir með sundurliðuð áhrif allra viðauka þar sem m.a. má sjá hvernig fjárhagur einstakra byggðasamlaga hefur áhrif á rekstur Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllt,

Pétur J. Lockton,
fjármálastjóri